

# 9. bekkur Samfélagsfræði kennsluáætlun 2018-2019

---

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðið er að efla hæfni nemenda til að skilja veruleikann, þ.e. umhverfi, samfélag, sögu og menningu.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Um víða veröld - Heimsálfur, Styrjaldir og kreppa, ýmsar myndir og fréttatextar sem tengjast markmiðum námsins.

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Verkefnavinna, kynningar, hópverkefni, heimildaleit

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Lokaverkefni, kynningar og verkefni nemenda

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### 2018 Fjalla 9. bekkur samfélagsfræði - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.

- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Gert sér grein hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.

## **2018 Fjalla 9. bekkur samfélagsfræði - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra**

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.